

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 20.1.19
Ábm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skeiða- og Gnúpverjahreppur,
Árnes,
801 Selfoss

Reykjavík, 22. janúar 2019
MÍ201901-0105/7.01/ K.H.S.

Efni: Þjórsárdalur - friðlýsing búsetulandslags

Með tilvísan í 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (hér eftir nefnd: menningarminjalög) tilkynnir Minjastofnun Íslands hér með áform sín um friðlýsingu búsetulandslags Þjórsárdals (sbr. 3. gr. a-lið laganna), sjá afmörkun svæðis á meðfylgjandi korti. Í 18 gr. menningarminjalaganna segir m.a.: „Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“. Aðgerð þessi miðar ekki síst að því að sameina undir eina friðlýsingu allar þær fornleifar í Þjórsárdal sem friðlýstar voru á þriðja áratug 20. aldar með hliðsjón af ákvæðum í 5. gr. laga um verndun fornmenja frá 16. nóvember 1907. Undir friðlýsinguna falla einnig aðrar þær minjar sem nú eru aldursfriðaðar, 100 ára og eldri, samkvæmt menningarminjalögum, bæði þekktar minjar og þær sem kunna að finnast í framtíðinni og umhverfi þeirra.

Lýsing á svæði

Mörk vesturhluta Þjórsárdals hafa löngum verið dregin við Þverá sem er skammt vestan bæjarins Haga og er því fylgt hér. Austurmörk dalsins markast af Búrfelli og er það hér haft með dalnum en Þjórsá látin ráða merkjum. Norðurmörk svæðisins eru að mestu dregin við hálendisbrúnina ofan dalsins sem er þrædd upp fyrir Háafoss og þaðan suðaustur í Þjórsá um það bil þar sem Gnúpverjaafréttur tekur við. Gísli Gíslason landslagsarkitekt hjá Eflu leiddi vinnu við rammaskipulag Þjórsárdals og er landfræðileg afmörkun dalsins sem þar er sett fram á uppdrætti (2013) mjög áþekkt því sem hér liggur til grundvallar.

Þverá, þaðan sem hún rennur í Þjórsá, er fylgt til norðausturs, norður undir Sniðhóla og áfram til norðausturs um Vestri- og Eystri-Geldingardali, áfram efst í Víðigil nyrðra, Hafragljúfur og efst í Grjótárgljúfur en þá er hálendisbrún Heljarkinnar þrædd til norðausturs upp undir Hellukrók en þá er farið í austur að Fossöldu og brúninni fylgt til suðurs, suðausturs og norðausturs eftir Svörtubrún upp fyrir Háafoss. Frá Háafossi er farið til suðausturs, austan við Hólaskóg, alla leið að Þjórsá við Álftavelli og ánni svo fylgt suður fyrir Búrfell, Fauskása, Núpsskóg og þar til Þverá rennur í Þjórsá nokkru vestan Haga.

Minjastofnun Íslands telur að þessi mörk Þjórsárdals séu í takt við þá hefð sem hefur myndast við afmörkun dalsins. Með þessari afmörkun er leitast við að ná yfir öll þekkt fornbyli í dalnum og áhrifasvæði þeirra.

Rökstuðningur

Þjórsárdalur hefur sérstöðu vegna þeirra fornu minja sem varðveist hafa í dalnum. Bæjarstæðin 22 sem nú þegar eru friðlýst eru leifar af bæjum sem fóru í eyði á ýmsum tímum af völdum versnandi veðurfars og uppblásturs vegna síendurtekinnna eldgosa í Heklu. Á svæðinu sem nú verður skilgreint sem ein minjaheild eða búsetulandslag er leitast við að tengja saman hinar ólíku minjar í dalnum. Nefna má leifar eftir iðnað eins og járnvinnslu, kumlasvæði, sel, beitarhús, réttir, garðlög, leiðir og vörður svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta vitnisburður um búskaparhætti í Þjórsárdal á fyrri öldum og fá fornleifarnar þannig meira vægi sem hluti heildar en sem stakar minjar slitnar úr samhengi við umhverfi sitt.

Öflugustu gosin, sem eyddu byggðinni eru talin vera úr Heklu 1104 og 1300. Gosið sem rak endahnútinn á byggð í dalnum sem nú er í eyði varð í Heklu árið 1693.

Ýmsar röksemdir má nefna fyrir því að friðlýsa búsetulandslag Þjórsárdals sem eina heild. Hinar helstu eru eftirfarandi:

1. Þjórsárdalur hefur að geyma einstaka minjaheild frá miðöldum sem er lítt snortin af síðari tíma framkvæmdum. Í því felast mikil verðmæti, ekki aðeins vegna fræðslu- og upplifunargildis fyrir ferðafólk og allan almenning, heldur einnig efnahagslegs gildis fyrir ferðaþjónustu í héraði. Með því að friðlýsa búsetulandslagið er verið að auka gildi einstakra minja sem hluta af verðmætri heild. Þrátt fyrir að allar minjar í Þjórsárdal, 100 ára og eldri, séu aldursfriðaðar telur Minjastofnun Íslands mikilvægt að tengja öll minjasvæðin saman og friðlýsa sem heild. Það var vilji þjóðminjavarðar á þriðja áratug 20. aldar að friðlýsa allar minjar í dalnum. Þá voru þekkt 22 bæjarstæði eða minjastaðir. Frá því að það var gert hefur bæst verulega við þekkingu um minjar í Þjórsárdal og skráðum minjum fjölgaði í rúmlega 40 við skráningu Gísla Gestssonar og Jóhanns Briem á árunum 1951-1952. Nýleg skráning í dalnum bendir til þess að þar séu hátt í 300 minjar. Með því að tengja friðlýsingarnar saman sem heildarfriðlýsingu fyrir dalinn er verið að framfylgja þeirri stefnu sem mótuð var 1927.

2. Þjórsárdalur hefur ótvírætt rannsóknargildi fyrir fræðimenn enda má rekja upphaf nútíma fornleifarannsókna á Íslandi til viðamikilla rannsókna sem gerðar voru á minjum í dalnum. Í huga margra íslenskra og erlendra sérfræðinga er Þjórsárdalur vaggá íslenskrar fornleifafræði. Fornleifarannsóknir hafa farið fram þar allt frá miðri 19. öld og fram á okkar dag. Brynjúlfur Jónsson fræðimaður frá Minna-Núpi skráði þekktar minjar í dalnum um miðja 19. öld og ýmsir aðrir fræðimenn íslenskir og erlendir komu á eftir honum og skráðu eða grófu í minjarnar. Norrænu rannsóknirnar í Þjórsárdal árið 1939 marka tímamót í þróun og sögu íslenskra fornleifarannsókna og hefur dalurinn

í hugum margra fyrst og fremst verið tengdur fornleifarannsóknunum þar. Segja má að sú aðferðafræði sem notuð var í Þjórsárdalsrannsóknunum 1939 hafi haldist í megin dráttum fram á þennan dag. Með rannsóknunum varð fornleifafræði þverfagleg vísindagrein með samstarfi ólíkra greina innan bæði hug- og náttúruvísinda, svo sem eins og sagnfræði, jarðfræði, beinafræði o.fl. Út frá rannsóknum sínum í dalnum mótaði Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur gjóskutímatafsfræði auk aðferða við frjókornarannsóknir sem þeir Hákon Bjarnason höfðu hafið einhverjum árum fyrr; Jón Steffensen hóf rannsóknir sínar á mannabeinum á Skeljastöðum og Kristján Eldjárn, sem þá var ungur námsmaður, tók þátt í fyrstu fornleifarannsóknum sínum á Íslandi í Þjórsárdal árið 1939.

3. Friðlýsing búsetulandslagsins mun einfalda alla framkvæmd minjavörslu á svæðinu. Minjarnar í Þjórsárdal eru mjög viðkvæmar en þar er mikill uppblástur og fjöldi minja blásnar ofan í mel. Með því að friðlýsa heildina má betur bregðast við ýmsum ógnum og nýta betur tækifæri sem felast í landslaginu með markvissum aðgerðum og stýringu. Með friðlýsingu má skilgreina og móta stefnu um hvernig ýmiskonar framkvæmdir og nýting dalsins, s.s. búskapur, sauðfjárbætur, landgræðsla, skógrækt og ferðaþjónusta geti farið saman við markvissa vernd menningarlandslags og uppfyllt kröfur um sjálfbærni (sbr. 1. gr. menningarminjalaga). Aður ókunnar minjar, eins og t.d. ný fundið bæjarstæði, staðfestir grunsemdir um fleiri bæjarstæði (minjar) í dalnum en þau sem nú eru þekkt og verða þau þannig sjálfkrafa hluti hins friðlýsta svæðis. Sömuleiðis verður öll upplýsingagjöf og aðgerðir til að bæta aðgengi og upplifun ferðamanna af svæðinu markvissari, en nefna má að bæjarrústirnar sem rannsakaðar voru í Stöng árið 1939 voru fyrstu fornleifarannsóknir á Íslandi sem byggt var yfir og gerðar aðgengilegar almenningi. Hefur minjavarslan í landinu lagt áherslu á að endurbæta miðlunina á svæðinu við Stöng og í dalnum almennt, á undanförunum árum.

4. Friðlýsing Þjórsárdals er brautryðjendastarf í íslenskri minjavernd. Hingað til hefur verið einblínt á að friðlýsa staka minjastaði – og reyndar gjarnan stakar tóftir – en á síðustu misserum hefur verið tilhneiging á Vesturlöndum til að horfa á efnismenningu fortíðar í samhengi við nærumhverfið jafnt sem aðra minjastaði. Sambúð lands og lýðs hefur hlotið meiri athygli því vissulega mótar maðurinn landið en því er líka öfugt farið, að landið mótar athafnir fólksins. Með friðlýsingu Þjórsárdals er stigið stórt skref í þá átt að vernda búsetulandslag – manninn og landið sem hann lifði og hræðist í. Einingin „býli“ á Íslandi í aldanna rás, gat samanstáð með litlum breytingum af bæ, bæjarlæk eða brunni, útihúsum, smiðju, túngarði, mógröfum, kolagröfum, stekki, kvíum, beitarhúsum, seli, kumlateggi, kirkjugörðum og álagablettum. Leiðir urðu til innan hveirrar jarðar og leiðir voru varðaðar á milli bæja og landshluta. Fé var rekið á afrétt, fólk fór á grasafjall, rekafjöru, tíndi ber, veiddi gæsir og álfir í sárum inni á öræfum, söfnuðu dúni úr hreiðrum og slógu engjar og hvern lófástóran blett á heimalandinu. Af þessu má sjá að búsetulandslag – menningarlandslag – er meira en

stakar tóftir hér og hvar. Friðlýsing Þjórsárdals er skref í þeirri viðleitni að ná utan um tilveru mannsins á tilteknu svæði allt frá landnámi.

5. Tillaga að friðlýsingu menningarminja er unnin samhliða tillögu að friðlýsingu náttúruminja í hluta dalsins, sem unnin er á grundvelli laga um náttúruvernd.

Með hliðsjón af 18. gr. menningarminjalaga og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gefst hagsmunaaðilum hér með tækifæri til að koma með athugasemdir við áform um friðlýsingu menningarminja, innihald hennar eða umfang. Frestur til að koma með athugasemdir er veittur til og með 10. febrúar 2019. Athugasemdum má skila inn hvort heldur sem er í tölvupósti (postur@minjastofnun.is) eða í pósti á heimilisfang Minjastofnunar Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar veita Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands (uggi@minjastofnun.is), og Þór Hjaltalín, sviðsstjóri minjavarðarsviðs (thor@minjastofnun.is).

Í kjölfarið verður friðlýsingartillagan send til ákvörðunar mennta- og menningarmálaráðherra. Unnin verður verndaráætlun og er markmið hennar að tryggja vernd búsetulandslagsins í sátt við nýtingu svæðisins.

Í friðlýsingarvinnunni verður lögð áhersla á samvinnu við landeigendur, ábúendur og stofnanir sem eiga hagsmuna að gæta á svæðinu, auk sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Virðingarfyllst,



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Fylgiskjal 1. Kort af fyrirhugaðri afmörkun friðlýsingar.

Fylgiskjal 2. Listi yfir þegar friðlýstar minjar í Þjórsárdal.

Samrit sent til umsagnar og kynningar:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Árnes 801 Selfoss, skeidgnup@skeidgnup.is

Forsætisráðuneyti, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, Lækjargötu, 101 Reykjavík, postur@for.is

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík, postur@uar.is

Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, umhverfisstofnun@ust.is

Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hellu, land@land.is

Skógræktin, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstöðum, skogur@skogur.is

Landsvirkjun, Þjórsársvæði Búrfellsstöð, 801 Selfoss, landsvirkjun@landsvirkjun.is

Sigurður Páll Ásólfsson, Ásólfstöðum 3, Gnúpverjahreppur, 801 Selfoss.

Marie Louise Fogh Schougaard, Ásólfstöðum 1a, 801 Selfoss.

Jóhannes H. Sigurðsson, Ásólfstöðum 1a, 801 Selfoss.

Garðar Þorvarðsson, Urriðakvísl 22, 110 Reykjavík, gardar@nervus.is

Helga Móeiður Arnardóttir, Seljabraut 42, 109 Reykjavík.
Arnpór Jón Þorvarðsson, Grandavegi 42 B, 107 Reykjavík, arnthor@hagar.is
Örnólfur Þorvarðsson, Hléskógum 26, 109 Reykjavík.
Haukur Garðarsson, Reyðarkvísl 15, 110 Reykjavík.
Helgi Garðarsson, Sigtún 17, 800 Selfoss.
Sigrún Guðlaugsdóttir, Suðurbrún 10, 845 Flúðir.
Úlfhéðinn Sigurmundsson/Þóra Þórarinsdóttir, Haga II, 801 Selfoss.
Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík.
Síminn hf., Ármúla 25, 108 Reykjavík.
Rauðukambar ehf, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur.

Afrit:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík.
postur@mrn.stjr.is


TILLAGA AD FRÍDLÝSTU MINJASVÆÐI I ÞJÓRSÁRDAL

Fylgiskjal 1



Skýringar

- Frídlýstar_minjar_innan frídlýsingarsvæðis
- Skráðar_aldursfríðaðar minjar innan frídlýsingarsvæðis
- Frídlýsingarsvæði_tillaga



Fylgiskjal 2. Listi yfir friðlýstar fornleifar í Þjórsárdal

Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals:

Fossárdals-rúst. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Rauðukamba-rúst. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Lóþræll I. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Lóþræll II. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Bergálfstaðir. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Sandatunga (Sandártunga). Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Lambhöfðarúst. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjafrétti, austurhluta Þjórsárdals:

Sámsstaðir. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Skeljastaðir. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Steinastaðir. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Stöng. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Lepparsstaðir I. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Lepparsstaðir II. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Gjaskógar. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Í landi Ásólfstaða:

Stórolfshlíð. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Skallakot. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Í landi Haga:

Snjáleifartóftir. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Í landi Skriðufells:

Áslákstunga fremri. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Áslákstunga innri. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Karlsstaðir. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Rúst í Fagraskógi. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Rúst í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Friðlýsingarskjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

